

Tillaga til þingsályktunar

um ástand og framtíðarlausn vatnsbúskapar lindarvatna í Skaftárhreppi.

Flm.: Birgir Þórarinsson, Ásmundur Friðriksson,
Vilhjálmur Árnason, Jóhann Friðrik Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að bregðast við lækkanði grunnvatnsstöðu í lindum sem eiga upptök sín undan Eldhrauni í Meðallandi og Landbroti í Skaftárhreppi. Ráðist verði í aðgerðir sem fyrst til að afstýra frekara tjóni á svæði sem er á náttúruminjaskrá þannig að neysluvatn og viðgangur lífríkis á svæðinu sé tryggður. Einnig verði ráðist í rannsóknir á því að hve miklu leyti það ástand sem nú hefur skapast megi rekja til varnargarða sem voru reistir af opinberum stofnunum í þeim tilgangi að hefta rennsli Skaftár út á Eldhraun. Í framhaldi leggi ráðherra fram aðgerðaáætlun sem miði að því að viðhalda stöðu vatnsbúskapar á svæðinu þannig að neysluvatn sé nægt og að viðgangur lífríkis í lindarám verði tryggður.

Greinargerð.

Vatnsbúskapur og staða rennslis vatnsfalla í Meðallandi og Landbroti, sem eiga upptök sín undan Eldhrauni, hefur breyst til hins verra á síðustu árum. Grunnvatnsstaða í borholum hefur lækkað og ef fram heldur sem horfir getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir búskap og annan rekstur. Mikilvægir lindarlækir fyrir lífríkið á svæðinu, Grenlækur og Tungulækur, hafa ítrekað þornað upp á stórum kafla á undanförunum árum með hræðilegum afleiðingum og Sýrlækur og Jónskvísl hafa látið mikið á sjá. Grenlækur og svæðið þar í kring er á náttúruminjaskrá, m.a. vegna fjölbreyttrar land- og vatnavistgerðar, víðáttumikilla flæðingja, tjarna, linda og lækja, ásamt því að vera mikilvægt hrygningarsvæði og hífýli eins stærsta sjóbirtingsstofns (sjógengins urriða) landsins, auk bleikju.¹ Vatnsyfirborð stöðuvatnsins Fljótsbotns í landi Botna hefur að sögn heimamanna lækkað um allt að 5–6 metra. Staða og þróun vatnsbúskapar á svæðinu hvílir á samspili rennslis Skaftár, hrauns og annarra þátta eins og úrkomu, aurframburðar og mannvirkja.

Í þágu vegagerðar var ráðist í gerð stíflu við upptök Árkvísla (við Árhól) og einnig varnargarða meðfram þjóðvegi 1 milli Brests og Litla-Brests. Framkvæmdirnar hófust árið 1992 án þess að uppfylltar væru lögbundnar kröfur um byggingarleyfi. Stíflan við Árhól takmarkar flæði vatns úr Skaftá út á hraunið um Árkvíslar og varnargarður við þjóðveginn hindrar að vatn renni að vegi. Ræsi og stokkar eru undir þjóðveginum við Brest og Litla-Brest, en ljóst er að náttúrulegir farvegir hafa verið takmarkaðir með þessum framkvæmdum.

Framsögumenn telja mikilvægt að skoðað verði sérstaklega hvort mannvirki Vegagerðarinnar ofan þjóðveggar 1 hafi áhrif á vatnsbúskap í Meðallandi og Landbroti. Mannvirki Vegagerðarinnar eru einu mannvirkin sem hafa raskað náttúrulegu rennsli út á hraunið. Mikilvægt er einnig að skoða hvort aðgerðir/mannvirki Vegagerðarinnar stangist á við náttúruverndar-

¹ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudurland/steinsmyrarflod-grenlaekur>

lög þar sem m.a. kemur fram mikilvægi þess að vernda fjölbreytileika íslenskrar náttúru og sérstæðra vistkerfa og jafnframt stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa. Ísland hefur skuldbindingar til verndar lífríkisins samkvæmt náttúruverndarlögum og alþjóðlegar skuldbindingar með vatnatilskipun Evrópu og samkvæmt lögum um innleiðingu hennar hér á landi þar sem markmiðið er að vatnsgæðum hnigni ekki. Þá hefur Ísland skuldbindingar um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni samkvæmt Ríósáttmálanum og viðaukum við hann.

Hafrannsóknastofnun hefur bent á að vatnsbúskapur Grenlækjar er háður því að nægilegt vatn flæði úr Skaftá út á Eldhraunið. Ef svo er ekki getur vatn þrotið á efri hluta lækjarins. Vatnspurrðin bitnar svo beint á stofnstærð og hefur talsverð neikvæð áhrif á seiðabúskap og veiði í Grenlæk.²

Rennsli vatns Skaftár út á Eldhraunið hefur verið umdeilt og m.a. gagnrýnt af Landgræðslunni (nú Land og skógur), sem segir það tilgangslaust og úr hófi fram skaðlegt gróðri og einstakri náttúru.

Landeigendur í Landbroti og Meðallandi telja að sjálfsögðu að taka verði tillit til landgræðslu og sjá ekkert því til fyrirstöðu að vatn geti bæði runnið út á Eldhraun um Árkvísar og unnið sé að landgræðslu í Eldhrauni á sama tíma. Samkvæmt líkönum Lands og skógar er þó ljóst að skerðing vatnsrennslis út á Eldhraun um Árkvísar hefur valdið mun meiri aurburði austar í Eldhrauni (fyrir sunnan bæinn Skál). Einnig hafa garðarnir valdið lægri grunnvatnssstöðu og aukinni landeyðingu í landi jarða í Landbroti og Meðallandi. Því séu þessir garðar alls ekki óumdeild lausn við landeyðingu.

Framsögumenn leggja áherslu á að leitast verði við að finna raunhæfar leiðir, sem til fram-búðar tryggja vatnsbúskap á svæðinu og að vatnsrennsli til lindarvatna verði nægt til að koma í veg fyrir frekara tjón og viðhalda því ríkulega og einstaka lífríki sem er að finna í Landbroti og Meðallandi.

Mál þetta á sér langa sögu. Um það hafa verið gerðar skýrslur og álitsgerðir af sérfræðingum og fræðimönnum. Má þar nefna til sögunnar Sigurjón Rist vatnamælingamann, Jón Jónsson jarðfræðing, Snorra Zóphóníasson jarðfræðing, Guðna Guðbergsson sviðsstjóra hjá Hafrannsóknastofnun o.fl. Auk þess var síðast á árinu 2022 starfandi vinnuhópur, undir forystu forsætisráðuneytisins, sem settur var á laggirnar til að leita lausna á vatnsmálum á vatna-sviði Grenlækjar.

Ágrip af afskiptum manna af rennsli Skaftár á Eldhraun.

Afskipti manna af rennsli Skaftár á Eldhraun hófust snemma á síðustu öld. Til að koma í veg fyrir spjöll á veginum í Eldhrauni fór Vegagerðin í stíflugerð á árunum 1949 og 1957 þar sem lokað var fyrir rennsli vatns út á Eldhraunið við Brest í Eldhrauni og við Skálar-blöðku. Við þetta minnkaði rennsli í Tungulæk og Grenlæk svo mikið að rafstöð í Tungulæk sem bændur á svæðinu höfðu reist fékk ekki nægilegt vatn. Af þeim sökum var samþykkt á Alþingi 1956 þingsályktunartillaga Jóns Kjartanssonar um aukningu vatnsrennslis í Tungulæk í Landbroti. Í kjölfar þingsályktunarinnar voru Sigurjón Rist, forstöðumaður vatnamælinga raforkumálastjóra, og Jón Jónsson frá vatnadeild raforkumálastjóra fengnir til að skila skýrslum um ástandið. Í báðum skýrslum kemur fram að vatnsrennsli í Grenlæk og lindum Landbrots hefði minnkað töluvert miðað við fyrri ár. Ekki eru heimildir fyrir því hvernig framkvæmdum stjórnvalda var háttað í kjölfar niðurstöðu þessara tveggja sérfræðinga, en loftmyndir sýna ótvírætt veitugarð sem byggður var í samræmi við þessar tillögur. Árið 1992 var lokað fyrir Árkvísar að mestu og síðar sama ár setti Vegagerðin tveggja metra vítt rör

² Sjá skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá árinu 2018: *Vatnspurrð í Grenlæk 2016. Áhrif á lífríki í vatni.*

í garðinn. Árið 1997 var öðru jafn stóru röri bætt við. Í kjölfarið jókst meðalrennsli Skaftár við Kirkjubæjarklaustur úr 35–38 m³/s í 50 m³/s samkvæmt mælingum Orkustofnunar. Þarna voru því teknir 12–15 m³/s vatns af Eldhrauni og þeim veitt í átt að Klaustri, þannig að rennsli Skaftár við Kirkjubæjarklaustur jókst um nærri þriðjung. Ekki liggja fyrir gögn um þessar framkvæmdir Vegagerðarinnar og virðist hún hafa einhliða stækkað garðinn á kostnað vatnsrennslis í lindum í Landbroti.

Árið 1998 var garðurinn við Árhól fjarlægður vegna vatnsþurrðar í Grenlæk og Tungulæk árin 1992–1998. Aðgerðinni var ætlað að koma rennsli í lindarlækjum aftur af stað, lækirnir fóru að renna en lífríkið hlaut af varanlegt tjón. Í nóvember 2000 fékk Skaftárhreppur leyfi Skipulagsstofnunar til að endurreisa garðinn og var leyfið bundið því skilyrði að Skaftárhreppur vakti svæðið og hefði samráð við Náttúruvernd ríkisins, Landgræðsluna og Veði-málastofnun. Á þeim tíma vildu Landgræðslan og Vegagerðin minnka rennsli Skaftár út á Eldhraun til að hefta áfok. Aftur á móti vildu veiðiréttarhafar endurvekja það rennsli Skaftár út á Eldhraun sem var árin fyrir framkvæmdir Vegagerðarinnar eftir 1992 til að tryggja vatnsbúskap í ánum sem eiga upptök sín undan Eldhrauni. Skipulagsstofnun veitti leyfi til þess að hefta aftur rennsli Árkvísla við Árhól með garði, þar sem leyfið var bundið skilyrðum um rannsóknir á því tímabili. Skipulagsstofnun synjaði kröfu landeiganda um umhverfismat með þeim rökum að um væri að ræða ástand til bráðabirgða, þrátt fyrir að viðurkenna að óafturkræfar breytingar á landslagi kynnu að eiga sér stað á því tímabili. Þessi tilraunaframkvæmd stóð yfir í fjögur ár og lauk í árslok 2004, en ástandið hefur verið að mestu óbreytt frá þeim tíma. Í þessu samhengi er hægt að vitna til minnisblaðs sem sveitarstjórn Skaftárhrepps lét vinna í júlí 2024, þar sem fram kemur að:

„Mannvirki tengd Vegagerðinni eru einu mannvirkin sem hafa raskað náttúrulegu rennsli út á hraunið. Sú mannvirkjagerð sem fór fram um 1992 hefði farið fram á allt öðrum forsendum í dag, samkvæmt gildandi löggjöf um umhverfismat og náttúruvernd. Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 koma fram nokkrar grunnreglur. Þannig skulu nefndar:

8. gr. Vísindalegur grundvöllur ákvarðanatöku.

Ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Krafan um þekkingu skal vera í samræmi við eðli ákvörðunar og væntanleg áhrif hennar á náttúruna.

9. gr. Varúðarregla.

Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.

11. gr. Ábyrgð á kostnaði.

Framkvæmdaraðili skal bera kostnað af því að koma í veg fyrir eða takmarka spjöll á náttúrunni sem af framkvæmd hans hlýst að því marki sem það telst ekki ósanngjarnt með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar og tjónsins.“

Ljóst er að deilt hefur verið um vatnamál í Eldhrauni og skiptar skoðanir um ágæti þeirra mannvirkja sem heft hafa náttúrulegt rennsli Skaftár um svæðið. Að niðurlagi skal benda á þá lausn sem Jón Jónsson jarðfræðingur lagði til í grein sinni í Morgunblaðinu 14. júní 1998, „Vandamál í Eldhrauni“:

„Nú er kominn tími til að staldra við, jafna ágreining, taka mið af staðreyndum og leggjast á eitt um lausn vandamálsins. Sú eina framtíðarúrlausn vandans, sem ég fæ séð er: Að veita kvíslum úr Skaftá í skipulögðum stjórnunum rásum suður og austur um hraunið, því hraunið verður að græða upp, fá kvíslunum fasta farvegi, setja brýr eða ræsi í núverandi veg eftir þörfum, taka mið af rennslisstefnu kvíslanna og vinna í samræmi við hana. Fylgjast vel með öllum breytingum með því að ljósmynda hraunið árlega úr lofti þegar sumarrennsli er í hámarki. Marka framtíðarstefnu, ekki bara í árum, en öldum.“

Eðlilegt er að því vatni, sem veitt var frá hrauninu með framkvæmdum sem rekja má til ársins 1992, sé aftur veitt á hraunið þannig að rennsli Skaftár við Kirkjubæjarklaustur færist í það horf sem það var fyrir þær framkvæmdir og að tryggt sé að það skili sér til upptaka lindarlækjanna. Rannsóknir verði svo unnar út frá þeirri stöðu.